

Bókun bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vegna stjórnkerfisbreytinga hjá Akraneskaupstað.

Í nýlegri stjórnarsýsluúttekt Capacent/Arcur á rekstri og innra vinnulagi Akraneskaupstaðar komu fram tillögur að skipulagsbreytingum sem voru lagðar fram, lítillega breyttar, til fyrri umræðu hér í bæjarstjórn þriðjudaginn 1. desember síðastliðinn. Á milli umræðna hefur farið fram samtal bæði í bæjarstjórn og í bæjarráði sem hefur leitt af sér ákveðnar málamiðlanir til þess að mæta að hluta sjónarmiðum bæjarfulltrúa minnihlutans. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins þakka fyrir það samtal sem átti sér stað á milli umræðna og fyrir þær tilfæringar sem meirihlutinn var tilbúinn að gera á áður kynntum skipulagsbreytingum. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að með slíku samtali áður en skipuritsbreytingar voru kynntar starfsmönnum og íbúum hefði bæjarstjórn geta náð sameiginlegri lendingu varðandi skipuritsbreytingarnar en það er að sjálfstöðu flókið og erfitt að bakka með stöðuhækkningar og tilfæringar sem þegar hafa verið boðaðar opinberlega.

Það eru atriði í því skipulagi sem hér er lagt fram af meirihluta bæjarstjórnar sem bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru sammála um og styðja. Það eru jafnframt ákveðin atriði í nýju skipulagi sem endurspeglar forgangsröðun sem bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru ekki sammála og geta ekki greitt þeim atkvæði sitt.

Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti að fara í fyrrgreinda úttekt með það að markmiði að draga fram, ef einhverjir væru, annmarka sem eru á þjónustu Akraneskaupstaðar við íbúa, fyrirtæki og stofnanir sveitafélagsins. Tillaga ráðgjafanna var að auka áherslu á verkefnaþað skipulag, uppfæra verklag vegna skráninga í málaskrá og lúkningu mála, endurskoða verkferla til að auka samræmi og tryggja upplýsingaflæði, auka áherslu á að nútímavæða verkferla með hagnýtingu tækni, vinna með vinnustaðamenningu og þjónustuhugsun, nútímavæða vinnuástöðu starfsfólks og auka áherslu á stefnumótun og hagnýtingu gagna.

Það er mat bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að meirihluti þeirra tillagna sem ráðgjafarnir gera snúi að innra verklagi, bættum og nútímavæddum verkferlum, aðstöðu starfsfólks og menningu sem í sjálfu sér kalla ekki á skipuritsbreytingar. Skipulögð þverfagleg teymisvinna milli sviða er mikilvæg og á sér stað í ákveðnu mæli nú í dag. Þá teymisvinnu er hægt að efla og formgera án skipuritsbreytinga. Nútímavæðing verkferla og nýting á tækni kallar ekki á skipuritsbreytingu heldur felur í sér stjórnunarlegar áherslur. Nokkrir þættir kalla á ný stöðugildi og nýja þekkingu og taka fulltrúar Sjálfstæðisflokksins undir þær tillögur samanber nýtt stöðugildi mannauðsstjóra og nýtt stöðugildi skipulagsfulltrúa. Tillaga um bætt verklag í skjalastjórnun og nútímavæðingu verkferla er að tillögu meirihlutans leyst með tilfærslum á starfsmönnum og nýju stöðugildi Skjalastjóra sem ætlað er að auka við fagþekkingu á sviði skjalamál. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja þá útfærslu.

Tillaga um nýja skrifstofu bæjarstjóra sem að mati bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er nýtt svið eins og það er sett fram í skipuritinu er ekki í samræmi við þær áherslubreytingar sem undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja sjá á skipuriti Akraneskaupstaðar. Til að mæta ábendingu ráðgjafa um að auka áherslu á hagnýtingu gagna og til að mæta þeim áskorunum sem framundan eru í rekstri sveitarfélagsins og tryggja sjálfbærni í rekstri vildu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins skerpa áherslu á fjármálastjórnun með því að leggja til nýtt svið fjármála í stjórnskipulagi kaupstaðarins þar sem sviðsstjóri fjármála sæti jafnframt á þverfaglegum fundum æðstu embættismanna bæjarins. Þær skipuritsbreytingar sem meirihlutinn leggur hér fram um að leggja niður starf fjármálastjóra og færa verkefnið á aðra starfsmenn inni á stjórnarsýslu- og fjármálasviði og bæta þess í stað við nýrri stöðu innkaupastjóra með tilheyrandi

nýjum verkefnum á sviðið gengur þvert á þá tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skerpa á fjármálastjórnun í skipuriti kaupstaðarins.

Sá áherslumunur sem endurspeglast í ofangreindu ásamt því vinnulagi að tilkynna breytingar á skipuriti áður en bæjarstjórn tók afstöðu til þeirra gerir það að verkum að undirritaðir bæjarfulltrúar kjósa að sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Undirritað:

Rakel Óskarsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Einar Brandsson

Þórður Guðjónsson